

ÍSLANDSMÓT Í EINMENNING 2014

- REGLUGERÐ -

1. grein

Spilaðar eru 3 lotur. 1. lotuna er slönguraðað eftir stigum. Í 2. lotu er slönguraðað samkvæmt stöðu keppenda eftir 1. lotu. Í 3. lotu er slönguraðað í efstu 2 riðlana samkvæmt í stöðu í 2. lotu. Hinum raðað tilviljanakennt. Íslandsmeistari getur aðeins komið úr öðrum hvorum stigahæsta riðli í 3. lotu.

2. grein

Spilað er um 6 gullstig í hverjum riðli í hverri lotu. Þau skiptast:

1. sæti : 3 gullstig
2. sæti : 2 gullstig
3. sæti : 1 gullstig

Í lok móts eru gefin uppbótarstig:

1. sæti : 10 gullstig
2. sæti : 8 gullstig
3. sæti : 6 gullstig
4. sæti : 4 gullstig
5. sæti : 2 gullstig
6. sæti : 1 gullstig

3. grein

Sigurvegari mótsins hlýtur titilinn Íslandsmeistari í einmenning 2014. Ef tveir eða fleirri enda jafnir þá gilda eftirfarandi reglur til að úrskurða um hvor/hverjir er(u) hærri:

1. Innbyrðis viðureign(ir)
2. Hver er fyrir ofan eftir 2 lotu.
3. Hver er fyrir ofan eftir 1 lotu.
4. Hlutkesti

4. grein

Allir spila sama kerfið, sem er gefið út af BSÍ. Bannað er að gefa aðvörðun (alert!) á sagnir.

5. grein

Áfengis og tóbaksnotkun er stranglega bönnuð á meðan á mótinu stendur.

6. grein

Að öðru leiti er spilað eftir alþjóðalögum í bridge.

Keppnisstjóri: Er skipaður af stjórn BSÍ

Dómnefnd: Dómnefnd BSÍ.